

Hafnarfjarðarbær

Ársreikningur  
2013

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kt. 590169-7579

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 18.691 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 17.018 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,30% en lögbundið hámark þess er 0,50%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins A og B hluta var jákvæð um 1.410 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 913 millj. kr. Heildareignir sveitarfélagsins í árslok 2013 námu 48.483 millj. kr. og skuldir og skuldbindingar námu 40.438 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2013 nam 8,045 millj. kr. Veltufé frá rekstri A hluta nam 1.728 millj. kr og frá A og B hluta nam það 2.432 millj. kr.

Þann 7. mars 2014 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna máls sveitarfélagsins á hendur íslenska ríkinu vegna árgreinings um fjármagnstekjuskatt á söluhagnað vegna sölu á eignarhlut sveitarfélagsins í HS Orku hf. á árinu 2008. Dómurinn hafnaði bæði aðal og varakröfu sveitarfélagsins, en málinu verður áfrýjað til hæstaréttar. Sveitarfélagið hefur gert samkomulag við fjármálaráðherra um greiðslu á kröfunni en með fyrirvara um réttmæti hennar. Í árslok 2013 stóð krafan hjá Tollstjóra í 401 millj. kr. en í bókum sveitarfélagsins nemur skuldin 79 millj. kr. Í bókum sveitarfélagsins er fjármagnstekjuskatturinn færður miðað við 10% skatthlutfall en skattfyrirvöld miðað við 15% skatthlutfall.

Sveitarfélagið ásamt stofnunum þess ber ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt öðrum aðildarfyrirtækjum sjóðsins.

Sparisjóður Hafnarfjarðar fékk á árinu 1973 aðild að sjóðnum fyrir starfsfólk sitt og ábyrgðist lífeyrisgreiðslur til þeirra. Við sameiningu sparisjóða gekk Sparisjóður Hafnarfjarðar inn í Byr sparisjóð sem er í slitameðferð. Þann 2. nóvember 2012 gekk dómur í hæstarétti í máli Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins gegn SPRON sem hefur afgerandi áhrif á ágreining eftirlaunasjóðsins við þrotabú Byrs sparisjóðs. Samkvæmt dómnum er lífeyrisskuldbinding ekki viðurkennd sem forgangskrafa en slitastjórn sparisjóðsins hefur samþykkt kröfu eftirlaunasjóðsins sem almenna kröfu en skuldbindingin var færð í ársreikning 2012 til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins. Övissa ríkir um hversu hátt hlutfall greiðist upp í almennar kröfur sparisjóðsins en Hafnarfjarðarbær mun leita allra hugsanlegra leiða til að kanna réttarstöðu sína gagnvart þrotabúinu og ábyrgðinni á skuldbindingunni. Á árinu 2013 hækkaði skuldbinding um 83 millj. kr. vegna fyrrum starfsmanna sparisjóðsins.

Til viðbótar ofangreindra skuldbindingu Hafnarfjarðarbæjar vegna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar hvíla samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á lífeyrissjóðnum skuldbindingar að fjárhæð 728 millj. kr á öðrum stofnunum og fyrirtækjum. Þar sem Hafnarfjarðarbær ábyrgist allar skuldbindingar sjóðsins samkvæmt samþykktum hans þá er sveitarfélagið í bakábyrgðum fyrir þessum skuldbindingum. Að mati stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar bera viðkomandi stofnanir og fyrirtæki ábyrgð á sínum skuldbindingum þó svo að ekki hafi verið gengið frá í öllum tilvikum formlegum samningum þar um og því eru þessar skuldbindingar ekki færðar í ársreikninginn.

Undanfarin misseri hefur verið leitað eftir endurfjármögnun á erlendum skuldum bæjarins og hefur mikil vinna verið lögð í að finna hagkvæmstu lausnina en þann 22. mars 2014 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að ganga að tilboði Íslandsbanka um endurfjármögnun bæjarins. Hafnarfjarðarbær er ekki skuldbundinn til að nýta lánsloforð Íslandsbanka til fulls heldur getur fjármögnun bæjarins orðið með fjölbreyttari hætti, t.d. með þátttöku Lánasjóðs sveitarfélaga (LSS) og með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Aðstæður á skuldabréfamarkaði eru sveitarfélögum nokkuð hagfelldar og því gæti gefist tækifæri til að festa vexti til langs tíma með útgáfu skuldabréfa. Endanleg samsetning fjármögnunar bæjarins veltur m.a. á þeim kjörum sem bjóðast á skuldabréfamarkaði og hjá LSS. Með samþykkt bæjarstjórnar er bæjarráði falið að ljúka þeirri vinnu.

Hafnarfirði, 10. apríl 2014

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

# Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

---

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2013 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Hafnarfirði, 30. apríl 2014

Bæjarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar á að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skuldastöðu sveitarfélagsins í árslok 2013. Í því efni viljum við benda á að veltufjárlutfall A og B hluta er 0,49 í árslok 2013. Þá er skuldahlutfall A og B hluta 217% og skuldaviðmið 192% í árslok 2013. Til viðmiðunar skulu sveitarfélög samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarka skuldir A og B hluta við 150% af reglulegum tekjum.

## Staðfesting vegna skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 30. apríl 2014

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur 2013

Skýr	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013	Ársreikningur 2012	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013	Ársreikningur 2012
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	13.442.725	12.793.213	12.027.362	13.390.242	12.751.017	11.981.041
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	1.417.198	1.439.000	1.281.278	1.417.198	1.439.000	1.281.278
Aðrar tekjur .....	2.157.923	1.987.225	2.014.305	3.883.829	3.564.113	3.608.669
4	<u>17.017.845</u>	<u>16.219.438</u>	<u>15.322.945</u>	<u>18.691.269</u>	<u>17.754.130</u>	<u>16.870.988</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	5 8.665.556	8.254.104	8.248.866	8.909.575	8.457.775	8.465.392
Annar rekstrarkostnaður .....	6 6.328.271	5.933.514	5.321.031	6.747.094	6.220.702	5.698.058
Afskriftir .....	9 611.246	606.300	614.372	855.441	850.500	863.221
	<u>15.605.073</u>	<u>14.793.918</u>	<u>14.184.269</u>	<u>16.512.110</u>	<u>15.528.977</u>	<u>15.026.672</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....	1.412.772	1.425.520	1.138.676	2.179.159	2.225.153	1.844.316
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	7 (499.238)	(1.245.046)	(2.282.314)	(768.560)	(1.818.406)	(3.055.376)
Rekstrarniðurstaða án óvenju- legra liða .....	913.534	180.474	(1.143.639)	1.410.599	406.747	(1.211.061)
Óvenjulegir liðir .....	14 0	0	(1.587.400)	0	0	(1.587.400)
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	<u>13 913.534</u>	<u>180.474</u>	<u>(2.731.039)</u>	<u>1.410.599</u>	<u>406.747</u>	<u>(2.798.461)</u>

# Efnahagsreikningur

<b>Eignir</b>					
	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2013	2012	2013	2012
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendur .....		28.778.730	28.828.577	34.120.560	34.241.211
Veitur, götur og hafnarmannvirki .....		3.978.620	3.303.628	9.641.664	9.117.391
Vélar, áhöld og tæki .....		192.177	219.031	214.148	245.612
Leigðar eignir .....		635.787	686.780	635.787	686.780
	9	33.585.313	33.038.016	44.612.159	44.290.993
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	10	1.673.031	1.674.531	1.008.882	1.010.382
Langtímakröfur .....	11	284.108	347.595	284.109	350.603
		1.957.140	2.022.126	1.292.990	1.360.985
Fastafjármunir		35.542.453	35.060.142	45.905.150	45.651.978
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar skatttekjur .....	12	1.699.986	1.415.626	1.699.986	1.415.626
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	11	34.599	16.234	34.820	17.150
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		16.230	10.705	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	12	450.519	660.204	581.827	754.260
					0
Handbært fé.....	3j	251.957	316.078	261.358	365.159
Veltufjármunir		2.453.291	2.418.847	2.577.991	2.552.195
<b>Eignir samtals</b>		<b>37.995.744</b>	<b>37.478.988</b>	<b>48.483.141</b>	<b>48.204.173</b>
Eignir utan efnahagsreiknings .....	3k				

## 31. desember 2013

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2013	2012	2013	2012
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	4.703.472	3.522.757	8.045.621	6.367.841
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....		8.063.565	7.690.271	8.234.765	7.861.371
Skattskuldbinding.....		27.019	27.978	27.019	27.978
Aðrar skuldbindingar.....		90.844	97.832	90.844	97.832
	14	8.181.427	7.816.082	8.352.627	7.987.182
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	15	17.666.265	18.984.522	25.104.620	26.946.129
Leiguskuldir.....	16	1.690.484	1.726.026	1.690.484	1.726.026
		19.356.749	20.710.548	26.795.104	28.672.155
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		650.740	512.079	650.740	512.079
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		1.037.617	832.101	0	0
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	15	1.286.862	1.199.903	1.774.341	1.702.478
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	16	98.658	90.266	98.658	90.266
Næsta árs afborganir skuldbindinga.....	14	208.688	215.529	218.688	220.529
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.471.530	2.579.723	2.547.362	2.651.643
		5.754.096	5.429.602	5.289.789	5.176.996
Skuldir og skuldbindingar samtals		33.292.272	33.956.231	40.437.520	41.836.332
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>37.995.744</b>	<b>37.478.988</b>	<b>48.483.141</b>	<b>48.204.173</b>
Skuldbindingar utan efnhagsreiknings.....	18				

# Sjóðstreymisýfirlit 2013

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013	Ársreikningur 2012	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2012	Ársreikningur 2012	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða.....	13	913.534	180.474	(2.731.039)	1.410.599	406.747	(2.798.461)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Óvenjulegir liðir .....	14	0	0	1.587.400	0	0	1.587.400
Afskriftir .....	9	611.246	606.300	614.372	855.441	850.500	863.221
Verðbætur og gengismunur .....		(345.412)	428.867	1.234.753	(398.645)	645.228	1.680.405
Söluhagnaður .....		(479)	0	(1.057)	(479)	0	(5.176)
Skattskuldbinding, breyting .....		(959)	0	(2.741)	(959)	0	(2.741)
Önnur skuldbinding, breyting .....		(6.988)	(6.880)	(6.988)	(6.988)	(6.880)	(6.988)
Hækkun á lífeyrisskuldb .....	14	557.323	350.000	684.700	573.178	353.000	700.875
Veltufé frá rekstri		1.728.265	1.558.761	1.379.400	2.432.146	2.248.595	2.018.536
Breytingar á rekstrar- tengdum eignum og skuldum:							
Óinnh. skatttekjur, (hækkun) .....		(284.360)	(143.699)	51.595	(284.360)	(151.276)	51.595
Aðrar skammtímakr., breyting .....		209.685	0	169.767	172.433	0	199.756
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	14	(190.871)	(200.000)	(157.534)	(201.626)	(208.000)	(166.609)
Skammtímaskuldir, breyting .....		(108.192)	258.975	(111.250)	(104.281)	285.426	(113.455)
Samtals		(373.738)	(84.724)	(47.421)	(417.834)	(73.850)	(28.714)
Handbært fé frá rekstri		1.354.526	1.474.037	1.331.979	2.014.312	2.174.745	1.989.822
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	9	(963.430)	(338.000)	(744.988)	(981.493)	(350.000)	(779.147)
Gatnagerðargjöld .....		71.747	100.000	0	71.747	100.000	0
Eignarhlutir, breyting.....		1.500	0	(89.065)	1.500	0	(88.965)
Sala eigna.....		800	0	1.179	800	0	18.329
Langtímakröfur, breyting.....		45.122	11.843	(44.063)	48.825	21.875	(22.680)
Fjárfestingarhreyfingar		(844.262)	(226.157)	(876.938)	(858.622)	(228.125)	(872.464)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Tekin ný langtímalán .....	15	410.468	0	470.000	410.468	0	470.000
Afborganir langtímalána .....	15	(1.231.408)	(1.234.757)	(1.048.523)	(1.716.523)	(1.626.922)	(1.519.304)
Afborganir leiguskuldar.....	16	(92.097)	(103.947)	(76.984)	(92.097)	(103.947)	(76.984)
Skammtímalán, breyting.....		138.661	23.466	262.011	138.661	23.466	262.011
Viðskiptast. eigin fyrirt., breyting.....		199.990	236.679	167.848	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		(574.385)	(1.078.559)	(225.648)	(1.259.491)	(1.707.403)	(864.276)
<b>Hækkun (lækkun) á handb fé.....</b>		(64.121)	169.321	229.394	(103.800)	239.217	253.082
<b>Handbært fé í årsbyrjun.....</b>		316.078	9.951	86.685	365.159	33.292	112.076
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		251.957	179.272	316.078	261.358	272.509	365.159

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Hafnarfjarðarbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 27.325 þann 1. desember 2013. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2013 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð auk Eignasjóðs og GN eigna ehf. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarhöfn og Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. skýr. 3d. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af og íbúðarhúsnæði, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Íbúðarhúsnæði er skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi sem er gangvirði þess á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti og eru allar verðmatshækkningar vegna þessa færðar á eiginfjárreikning. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	10 - 90 ár
Veitur, götur og hafnarmannvirki .....	25 - 40 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	3 - 10 ár

#### f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 26 ár
-----------------	------------

#### g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

#### i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting A hluta í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2013. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14a.

#### m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### n. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

#### o. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings og önnur mál

Upplýsingar um skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings og önnur mál eru birtar í skýringum 18 - 20.

#### p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2013 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 22 og 23.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>				
Útsvar .....	10.999.989	10.373.350	10.999.989	10.373.350
Fasteignaskattur .....	1.968.985	1.957.590	1.916.503	1.915.394
Lóðarleiga .....	473.751	462.273	473.751	462.273
	<u>13.442.725</u>	<u>12.793.213</u>	<u>13.390.242</u>	<u>12.751.017</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>				
Framlag vegna grunnskóla .....	424.209	431.000	424.209	431.000
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemandanna.....	94.200	81.000	94.200	81.000
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks .....	827.788	899.000	827.788	899.000
Framlög vegna nýbúafræðslu .....	18.720	18.000	18.720	18.000
Önnur framlög .....	52.281	10.000	52.281	10.000
	<u>1.417.198</u>	<u>1.439.000</u>	<u>1.417.198</u>	<u>1.439.000</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>14.859.922</u>	<u>14.232.213</u>	<u>14.807.440</u>	<u>14.190.017</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>				
Þjónustutekjur .....	1.614.906	1.592.014	2.014.302	1.877.949
Endurgreiðslur.....	400.815	260.963	405.153	260.963
Eignatekjur .....	62.005	61.555	318.352	308.555
Vatnsgjald.....	0	0	366.837	357.082
Fráveitugjald .....	0	0	677.671	661.871
Aðrar tekjur.....	80.197	72.693	101.514	97.693
	<u>2.157.923</u>	<u>1.987.225</u>	<u>3.883.829</u>	<u>3.564.113</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>17.017.845</u>	<u>16.219.438</u>	<u>18.691.269</u>	<u>17.754.130</u>

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	6.399.016	6.256.288	6.578.896	6.443.697
Launatengd gjöld .....	1.709.217	1.647.816	1.757.501	1.661.078
	<u>8.108.232</u>	<u>7.904.104</u>	<u>8.336.397</u>	<u>8.104.775</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	557.323	350.000	573.178	353.000
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>8.665.556</u>	<u>8.254.104</u>	<u>8.909.575</u>	<u>8.457.775</u>

Í árslok 2013 störfuðu 2.036 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 1.370 stöðugildum.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 52,0 millj. kr. á árinu 2013.

### 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013
Vöru- og þjónustukaup.....	3.980.796	3.799.360	4.301.554	4.086.548
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	2.347.475	2.134.154	2.445.540	2.134.154
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>6.328.271</u>	<u>5.933.514</u>	<u>6.747.094</u>	<u>6.220.702</u>

## Skýringar, frh.:

### 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013	Ársreikningur 2013	Áætlun með viðaukum 2013
Vaxtatekjur, arður og verðbætur .....	168.817	93.000	170.713	93.900
Fjármagnstekjuskattur.....	(24.215)	(18.000)	(24.590)	(8.000)
Vaxtagjöld .....	(977.066)	(891.179)	(1.262.601)	(1.259.077)
Verðbætur .....	(379.548)	(428.867)	(569.139)	(645.229)
Gengismunur .....	712.775	0	917.058	0
Samtals.....	(499.238)	(1.245.046)	(768.560)	(1.818.406)

### 8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2013			Áætlun með viðaukum 2013
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	15.205.051	15.205.051	14.529.213
Félagspjónusta.....	2.841.592	435.843	(2.405.749)	(2.390.670)
Heilbrigðismál.....	64.199	0	(64.199)	(64.199)
Fræðslu- og uppeldismál.....	8.986.533	914.240	(8.072.293)	(7.936.128)
Menningarmál.....	359.375	32.080	(327.295)	(319.329)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	2.009.130	605.700	(1.403.429)	(1.381.745)
Brunamál og almannavarnir.....	169.139	0	(169.139)	(164.881)
Hreinlætismál.....	266.779	251.085	(15.695)	(21.700)
Skipulags- og byggingarmál.....	265.741	31.264	(234.477)	(92.698)
Umferðar- og samgöngumál.....	738.878	0	(738.878)	(746.334)
Umhverfismál.....	79.223	0	(79.223)	(78.023)
Atvinnumál.....	96.336	24.505	(71.831)	(73.060)
Sameiginlegur kostnaður.....	790.044	65.880	(724.164)	(668.343)
Lífeyrisskuldbindingar.....	557.323	0	(557.323)	(350.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(605.813)	0	605.813	60.000
Aðalsjóður samtals	16.618.478	17.565.648	947.169	302.103
<b>A hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður.....	2.737.222	2.762.361	25.140	(98.290)
GN eignir ehf.....	387.844	329.069	(58.775)	(23.339)
Innri færslur A hluta.....	(3.639.233)	(3.639.233)	0	0
A hluti samtals	16.104.311	17.017.845	913.534	180.474
<b>B hluta fyrirtæki:</b>				
Vatnsveita .....	363.655	509.225	145.570	154.350
Fráveita .....	376.142	677.671	301.529	83.725
Hafnarsjóður.....	299.301	399.946	100.645	57.603
Húsnæðisskrifstofa.....	324.398	273.720	(50.678)	(69.406)
Innri færslur A og B hluta.....	(187.138)	(187.138)	0	0
A og B hluti samtals	17.280.670	18.691.269	1.410.599	406.747

## Skýringar, frh.:

### 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

##### A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lundur	Götur og byggingareitir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	36.622.225	4.084.975	804.471	41.511.671
Afskrifað áður .....	(7.793.647)	(781.347)	(585.441)	(9.160.435)
Bókfært verð 1.1.2013.....	28.828.578	3.303.628	219.030	32.351.236
Endurmat lóða og lendna.....	267.181	0	0	267.181
Viðbót á árinu .....	114.025	772.859	4.800	891.683
Fært út á árinu.....	0	0	(321)	(321)
Afskrifað á árinu .....	(431.052)	(97.867)	(31.334)	(560.253)
Bókfært verð 31.12.2013.....	28.778.731	3.978.620	192.176	32.949.527
Samtals heildarverð 31.12.2013.....	37.003.430	4.857.834	806.063	42.667.327
Afskrifað samtals .....	(8.224.699)	(879.214)	(613.887)	(9.717.800)
Bókfært verð 31.12.2013.....	28.778.731	3.978.620	192.176	32.949.527
Afskriftarhlutföll .....	0-10%	4,0%	10-33%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	1.280.669
Afskrifað áður .....	(593.889)
Bókfært verð 1.1.2013.....	686.780
Afskrifað á árinu .....	(50.993)
Bókfært verð 31.12.2013.....	635.787
Heildarverð 31.12.2013.....	1.280.669
Afskrifað 31.12.2013.....	(644.882)
Bókfært verð 1.1.2013.....	635.787
Afskriftarhlutföll .....	3,8-5,0%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	33.038.016
Endurmat á árinu .....	267.181
Viðbót á árinu .....	891.683
Fært út á árinu.....	(321)
Afskrifað á árinu.....	(611.246)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	33.585.313

## Skýringar, frh.:

### 9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### a. Bókfært verð, frh.

##### A og B hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lundur	Veitur, götur og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	42.745.857	14.952.654	945.404	58.643.915
Afskrifað áður .....	(8.504.524)	(5.835.131)	(700.046)	(15.039.701)
Bókfært verð 1.1.2013.....	34.241.333	9.117.523	245.358	43.604.214
Endurmat á árinu .....	267.181	0	0	267.181
Viðbót á árinu .....	128.075	776.872	4.800	909.746
Fært út á árinu.....	0	0	(321)	(321)
Afskrift á árinu .....	(516.029)	(252.730)	(35.689)	(804.448)
Bókfært verð 31.12.2013.....	34.120.560	9.641.664	214.148	43.976.373
Samtals heildarverð 31.12.2013.....	43.141.113	15.729.525	946.996	59.817.634
Afskrifað samtals .....	(9.020.553)	(6.087.861)	(732.847)	(15.841.262)
Bókfært verð 31.12.2013.....	34.120.560	9.641.664	214.148	43.976.373
Afskriftarhlutföll .....	0-10%	2,5-4,0%	10-33%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	1.280.669
Afskrifað áður .....	(593.889)
Bókfært verð 1.1.2013.....	686.780
Afskritir á árinu.....	(50.993)
Bókfært verð 31.12.2013.....	635.787
Heildarverð 31.12.2013.....	1.280.669
Afskrifað 31.12.2013.....	(644.882)
Bókfært verð 31.12.2013.....	635.787
Afskriftarhlutföll .....	3,8-5,0%

Samantekið:

